



SAMKEPPNISEFTIRLITID

Þriðjudagur 12. nóvember, 2013

Ákvörðun nr. 27/2013

Rekstur á líkamsræktaraðstöðu í húsakynnum Íþróttamiðstöðvar Vestmannaeyjabæjar

I

Samkeppniseftirlitinu barst erindi frá Líkamsræktarstöðinni ehf. (Líkamsræktarstöðin) í Vestmannaeyjum þar sem kvartað var yfir samningi Vestmannaeyjabæjar við Nautilus Ísland ehf. (Nautilus ehf., sem nú heitir Actic á Íslandi ehf., hér kallað Actic) um rekstur líkamsræktarsalar í Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja.

Kvartað var yfir starfsemi sem fer og hefur farið fram í Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja. Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja er alhliða íþróttamannvirki með íþróttasölum og sundlaug. Íþróttamiðstöðin var reist á árinum 1975 og 1976, en árið 2000 var Íþróttamiðstöðin stækkuð og endurbætt. Húsnæði Íþróttamiðstöðvarinnar er nú um 6400 fermetrar að stærð. Í Íþróttamiðstöðinni eru tvær sundlaugar, ein innisundlaug og önnur útisundlaug. Fata- og baðklefar eru tveir og taka allt að 150 manns hvor hverju sinni. Þá eru íþróttasalir í mannvirkinu, auk líkamsræktarsalar. Átján starfsmenn starfa í Íþróttamiðstöðinni en stöðugildi eru þrettán.¹ Líkamsræktarstöðin kvartar yfir rekstri líkamsræktarsalar í þessari Íþróttamiðstöð, en Vestmannaeyjabær rak slíkan sal í Íþróttamiðstöðinni um árabil. Þegar rekstur salarins stóð ekki undir sér fól Vestmannaeyjabær einkaaðila, þ.e.a.s. Actic, rekstur salarins, enda var kveðið á um kostnaðarlegan aðskilnað í rekstri þessa salar með ákvörðun samkeppnissráðs nr. 13/2003. Kvartað var yfir því að Actic greiddi ekki fullt verð fyrir alla þá þjónustu og aðstöðu sem fyrirtækið fengi frá Vestmannaeyjabæ vegna samningsins. Einnig var kvartað yfir rekstrartapi Vestmannaeyjabæjar á líkamsræktarsalnum í Íþróttamiðstöðinni á árunum 2004 - 2006, áður en samningar bæjarins við Actic voru gerðir, sem skekkst hefði samkeppnisaðstæður kvartanda.

II

Þegar sveitarfélög reka sundlaugar og aðstöðu til líkamsræktar getur komið upp sá vandi að reksturinn raski samkeppni á markaði þar eð rekstur mannvirkjanna og þeirrar starfsemi sem þar fer fram stendur oft ekki undir sér. Kostnaður umfram tekjur af rekstrinum er þá greiddur úr sjóðum sveitarfélaganna. Þegar svo háttar til niðurgreiða sveitarfélög starfsemi

¹ Sjá <http://vestmannaeyjar.is/is/page/ithrottamidstod-vestmannaeyja> . Skoðað 1. ágúst 2013.



af þessu tagi. Þegar einkaaðilar sem ekki njóta niðurgreiðslu á sínum rekstri frá sveitarfélögum standa í samkeppni við þann rekstur sem rekinn er með stuðningi sveitarfélaga má ljóst vera að samskeppnisstaða einkaaðilanna á viðkomandi markaði er skert. Einkaaðilinn nýtur engrar niðurgreiðslu og þarf að borga aðföng sín og annan rekstrarkostnað fullu verði. Verðlagning hans hlýtur að bera keim af þeirri staðreynd. Af þessum sökum hefur Samkeppniseftirlitið í nokkrum tilvikum kveðið á um að líkamsræktarsali sveitarfélaga sem reknir eru í samkeppni við líkamsræktarsali einkaaðila skuli reknir með kostnaðarlegum aðskilnaði frá annarri íþróttaaðstöðu og sundlaugum sveitarfélaganna.

Við athugun þessa máls komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að líkamsræktarsalur Vestmannaeyjabæjar hefði verið rekinn með tapi á árunum 2004 - 2006. Af hálfu Vestmannaeyjabæjar var bent á að taprekstur bæjarins á þessu tímabili hefði stafað af hækkun launakostnaðar og einnig af samningum við Líkamsræktarstöðina, sem ætlað var að efla samkeppni. Vestmannaeyjabær hefði brugðist við taprekstrinum með því að leita tilboða í reksturinn og auglýsa eftir samstarfsaðila um hann. Þá hefði bærinn hætt þessum rekstri eftir að hafa gert samning um slíkan rekstur við Actic.

Varðandi samninga Vestmannaeyjabæjar við Actic eru þeir samningar að mati Samkeppniseftirlitsins næsta líkir samningum sem Samkeppniseftirlitið hafði til meðferðar í ákvörðun nr. 3/2012, *Samningar Kópavogsbæjar vegna líkamsræktarstöðva sem reknar eru í húsnæðnum sundlauga Kópavogs*. Samkeppniseftirlitið sendi Vestmannaeyjabæ afrit af þessari ákvörðun ásamt öðrum gögnum með bréfi, dags. 7. nóvember 2012. Í bréfinu kom fram að Samkeppniseftirlitið teldi sjónarmið í þeirri ákvörðun gagnleg *"við úrlausn eftirlitsins varðandi þann þátt kvörtunar Líkamsræktarstöðvarinnar er lýtur að samningum Vestmannaeyjabæjar við Nautilus (nú Actic)."* Bauð Samkeppniseftirlitið Vestmannaeyjabæ að gera athugasemdir við þetta sjónarmið. Í athugasemdum Vestmannaeyjabæjar, dags. 15. janúar 2013, lýsti bæjarfélagið yfir vilja til að leysa úr þessu máli á sama hátt og gert var með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2012.

III

Samkvæmt 16. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið gripið til aðgerða gegn athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni, að því tilskyldu að sérlög hafi ekki að geyma sérstakar reglur um heimild eða skyldu til slíkra athafna.

Í því máli sem hér um ræðir hafa skapast samkeppnishömlur vegna útleigu Vestmannaeyjabæjar á hluta af húsnæði Íþróttamiðstöðvar Vestmannaeyja. Vestmannaeyjabær leigir út þetta húsnæði til einkaaðila, Actic, til reksturs líkamsræktarstöðvar og hefur selt viðskiptavinum Actic aðgangskort að sundlaugum og tilheyrandi aðstöðu auk þess sem aðgangskortin hafa gilt inn á líkamsræktarstöð leigutaka. Vestmannaeyjabær hefur einnig veitt leigutaka aðra þjónustu. Þá stóð rekstur Vestmannaeyjabæjar á þessum líkamsræktarsal ekki undir kostnaði á árunum 2004 - 2006, áður en Actic tók hann á leigu.



Vestmannaeyjabær lýsti yfir vilja til að ljúka þessu máli með sátt í bréfi, dags. 15. janúar 2013. Í framhaldi fóru fram viðræður milli Vestmannaeyjabæjar og Samkeppniseftirlitsins um skilyrði sem leyst gætu úr þeim samkeppnislega vanda sem varð tilefni máls þessa. Drög að sáttartextanum voru kynnt Actic og Líkamsræktarstöðinni. Í framhaldi leiddu viðræður milli Vestmannaeyjabæjar og Samkeppniseftirlitsins til þess að undirrituð var sátt, dags. 19. ágúst 2013. Með undirritun sáttarinnar hefur Vestmannaeyjabær skuldbundið sig til að hlíta skilyrðum sem eyða þeim samkeppnishömlum sem Samkeppniseftirlitið taldi felast í samningum bæjarins og Actic. Jafnframt er ákvæðum sáttarinnar ætlað að koma í veg fyrir að sams konar samkeppnishömlur geti myndast og urðu til við rekstur Vestmannaeyjabæjar á líkamsræktarsal í Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja á árabílinu 2004 - 2006. Sáttin er gerð í samræmi við 17. gr. f. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 22. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins og felur í sér meginatriði ákvörðunarorða Samkeppniseftirlitsins í málinu. Telst málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins í máli þessu þar með lokið.

Ákvörðunarorð:

Vestmannaeyjabær og Samkeppniseftirlitið hafa gert með sér sátt í samræmi við 17. gr. f. samkeppnislaga nr. 44/2005 og 22. gr. reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins. Tilefni sáttarinnar eru tvö stjórnslumál. Annars vegar er um að ræða mál er varðar fjárhagslegan aðskilnað milli rekstrar líkamsræktarsalar og annarrar starfsemi sem fram fer í Íþróttamiðstöð Vestmannaeyjabæjar. Hins vegar er um að ræða mál sem lýtur að útleigu Vestmannaeyjabæjar á hluta af húsnæði Íþróttamiðstöðvarinnar og önnur viðskipti sem tengjast samningi Vestmannaeyjabæjar og leigutaka sem gerður var árið 2006. Með sátt þessari telst meðferð beggja stjórnslumála lokið af hálfu Samkeppniseftirlitsins. Ber Vestmannaeyjabæ að hlíta eftirtöldum skilyrðum í þessu sambandi.

1. Skilyrði um útboð vegna leigu á húsnæðisaðstöðu.

Vestmannaeyjabær skal bjóða út þá húsnæðisaðstöðu sem bærinn hefur leigt út til rekstrar líkamsræktaraðstöðu í tengslum við rekstur sundlaugar hyggist bærinn halda slíkri leigustarfsemi áfram. Skal útboðið fara fram áður en framlengdur gildistími leigusamnings við núverandi leigutaka rennur út í árslok árið 2015. Gildistími nýs samnings samkvæmt útboði skal að hámarki vera 8 ár. Vestmannaeyjabær getur boðið húsnæðisaðstöðuna út tímanlega þannig að nýir samningar geti tekið gildi þegar eða áður en gildandi leigusamningar renna út.

2. Skilyrði um húsaleigu á tímabilinu 1. janúar 2014 og út samningstímann.

Vestmannaeyjabær skuldbindur sig til þess að semja við leigutaka um leiguverð sem nemur að lágmarki markaðsleiguverði fyrir leigu á umræddu húsnæði fyrir líkamsrækt. Vestmannaeyjabær skal láta óvilhallan, sérfróðan aðila meta þetta



markaðsverð. Skal Samkeppniseftirlitið upplýst um leigugjaldið og hvernig það er myndað einum mánuði áður en það tekur gildi. Skuldbindur Vestmannaeyjabær sig til þess að hafa samið um slíkt verð fyrir 1. janúar 2014 og muni það gilda frá og með þeim degi þar til samið hefur verið um útleigu á umræddu húsnæði á grundvelli útboðs, sbr. tölulið 1.

3. Skilyrði um gjald fyrir aðgang að sundlaug og aðstöðu sem henni tengist.

Vestmannaeyjabær skuldbindur sig til að semja þannig um greiðslu fyrir aðgang viðskiptavina leigutaka að sundlaug og aðstöðu sem henni tengist að greiðslan verði að lágmarki sem svarar lægsta gjaldi sem almennum sundlaugargestum viðkomandi sundlaugar stendur til boða þegar þeir kaupa sér aðgang sem einstaklingar. Ákvæði þetta skal taka gildi þann 1. janúar 2014.

4. Skilyrði um þjónustugjald vegna sölu Vestmannaeyjabæjar á árskortum leigutaka og annarrar þjónustu við hann.

Vestmannaeyjabær skuldbindur sig til þess að setja upp gjald fyrir þá þjónustu sem bærinn veitir leigutakanum, þ.e. gjald fyrir sölu árskorta fyrir hönd leigutakans og fyrir uppgjör vegna sölu árskorta auk annarrar þjónustu sem Vestmannaeyjabær kann að veita leigutakanum. Skal þetta gjald miðast við umfang þjónustunnar og tilkostnað bæjarins, beinan og óbeinan, við að veita hana. Ákvæði þetta skal taka gildi þann 1. janúar 2014. Vestmannaeyjabær skal leggja fyrir Samkeppniseftirlitið gögn um þetta gjald og fjárhæð þess fyrir 1. desember 2013.

5. Viðurlög.

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í sátt þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson